

AUGLÝSING

(VII) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

Með vísan til 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 439, 16. maí 2007 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2006/2007 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

Vesturbyggð – Bíldudalur.

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) 1. gr. b-liðar verður: eru skráð í viðkomandi sveitarfélagi 1. maí 2007.
- b) 1. gr. c-liðar verður: eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi sveitarfélagi 1. maí 2007. Miðað skal við lögheimili einstaklinga samkvæmt þjóðskrá og heimilisfang lögaðila samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.
- c) Byggðakvóta Vesturbyggðar 102 þorskígildistönnum og byggðakvóta Bíldudals 137 þorskígildistönnum, samkvæmt bréfi sjávarútvegsráðuneytisins dags. 21. maí 2007, skal úthlutað til fiskiskipa samkvæmt lönduðum afla í Vesturbyggð, sem unninn hefur verið á Bíldudal, á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. mars 2008.
- d) Ákvæði 4. gr. um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun og 100% aukningu aflaheimilda er fellt niður.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi áður auglýstar reglur hvað varðar ofangreint byggðarlag um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2006/2007, þ.e. í 1. tl. auglýsingar nr. 603 frá 5. júlí 2007.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 11. apríl 2008.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Hinrik Greipsson.